

## Erindisbréf

### starfshópur um uppbyggingu á Ásvöllum í samræmi við viljayfirlýsingu frá 24. maí 2018

Í fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar 2018-2021 er gert ráð fyrir að á árinu 2017 verði framkvæmdir hafnar við uppbyggingu íþróttamannvirkja samkvæmt tillögum Íþróttabandalags Hafnarfjarðar sem samþykktar voru á þingi bandalagsins árið 2017. Samkvæmt tillögunum er gert ráð fyrir að á árunum 2018—2021 verði unnið að byggingu knatthúss hjá Knattspyrnufélaginu Haukum á Ásvöllum og er í fjárhagsáætluninni gert ráð fyrir að á árinu 2018 verði gert samkomulag um undirbúning og hönnun þess verkefnis.

Í bæjarráði 22. maí 2018 var samþykkt viljayfirlýsing á milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og Knattspyrnufélagsins Hauka um undirbúning að byggingu knatthúss hjá Knattspyrnufélaginu Haukum á Ásvöllum

Í viljayfirlýsingunni er sagt að aðilar skuli setja á laggirnar undirbúningsnefnd vegna verkefnisins. Með erindisbréfi þessu er svo gert.

#### Hlutverk:

Meginverkefnið hópsins er að fjalla um gerð og hönnun knatthússins og staðsetningu á Ásvöllum.

#### Skipulag:

Starfshópurinn skal hefja störf nú þegar. Stefnt skal að því að hópurinn skili niðurstöðu fyrir 1. nóvember n.k.

Greitt verður fyrir fundarsetu skv. reglum bæjarfélagsins þar að lútandi. Skrá skal í fundargerðir öll þau atriði og ákvarðanir sem skipta kunna máli í tengslum við störf hópsins. Starfshópnum er óheimilt að stofna til kostnaðar án samþykkis bæjarráðs og fjárheimildir skulu vera fyrir útgjöldum.

Starfshópurinn starfar í umboði bæjarráðs.

#### Skipan hópsins:

Kristinn Andersen, formaður

Anna Karen Svövdóttir

Jón Garðar Snædal Jónsson

Ágúst Sindri Karlsson - Haukum

Samúel Guðmundsson - Haukum



**HAFNARFJÖRÐUR**

**Með hópnum starfar:**

Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu

Rósa Steingrímsdóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs

Geir Bjarnason, íþróttá- og tómstundafulltrúi

Erindisbréf samþykkt í bæjarráði 16. ágúst 2018

Skipað var í hópinn á bæjarráðsfundi 30. ágúst 2018